

## **Aðalfundur FFÍ föstudaginn 10. mars 2017 kl. 17.00 í Kennarahúsinu við Laufásveg.**

**Viðstödd:** Eyjólfur Már, Sólveig Simha, Margrét Helga, Eva Leplat, Jóhanna Björk, Fanny Ingvars, Sigríður Anna, Ásrún Lára, Sigrún Halla, Hulda Sif, Gérard Lemarquis, Bergrós Ásgeirs.

Margrét Helga formaður skipaði Jóhönnu Björk fundarstjóra.

### **1. Skýrsla formanns 2016-2017.**

Margrét Helga kynnti skýrslu formanns fyrir síðasta ár.

Skýrsla frá hópnum „Plan d’avenir du français 2016-2017“ sem settur var saman að frumkvæði ráðuneytisins var kynnt fyrir fundarmönnum (fylgir með fundargerð).

Tilgangurinn með skýrslugerðinni var að taka stöðuna á frönskukennslu á Íslandi og leggja til leiðir til þess að auka áhuga á frönskunámi í grunn- og framhaldsskólum.

Skýrsla formanns var samþykkt einróma.

### **2. Ársreikningur gjaldkera.**

Sólveig Simha kynnti ársreikninga félagsins. Skýrslan var samþykkt einróma.

### **3. Félagsgjöld.**

Sólveig og Margrét Helga lögðu fyrir fundinn tillögu um að halda félagsgjöldum óbreyttum eða 4000 kr. Var það samþykkt.

### **4. Þóknun til stjórnarliða, tilhögun lögð fyrir fundinn.**

Margrét Helga lagði spurningu fyrir fundarmenn þess efnis hvort eðlilegt væri að hafa þóknun fyrir vinnu stjórnarfólks. Eyjólfur og Jóhanna tjáðu sig um að þeim fyndist eðlilegt að félagið greiddi einhverja þóknun til stjórnarfólks á meðan félagið er aflögufært. Margrét lagði til að þetta væri endurskoðað árlega í ljósi fjárhags félagsins hverju sinni.

Sigrún Halla lagði til að greiðslur myndi haldast óbreyttar til stjórnarliða um sinn meðan fjármunir eru til. Var það samþykkt einróma.

Hulda Sif benti á að hugsanlega mætti styrkja féлага sem fara á námskeiðið í Rouen. Bergrós benti á að það væri ekki nauðsynlegt þar eð einstaklingsstyrkurinn sem fæst frá KÍ nægi vel fyrir öllum útgjöldum af námskeiði erlendis.

Sigurbjörg Gylfadóttir benti á að biðja mætti sendiráðið aftur um styrk fyrir prentun kynningarbæklings.

### **5. Kosning stjórnar.**

Margrét Helga var sjálfkjörin áfram samkvæmt lögum. Hulda Sif sagði af sér sem ritari.

Sólveig Simha og Eva Leplat gáfu áfram kost á sér í stjórn og Ásrún Lára gaf kost á sér til stjórnarsetu. Þær voru kjörnar einróma. Gérard Lemarquis var kjörinn endurskoðandi reikninga og Sigurbjörg Gylfadóttir var kjörin varaendurskoðandi reikninga.

Sigrún Halla var kjörin til áframhaldandi setu fyrir hönd félagsins í stjórn STÍL. Eyjólfur Már tjáði vilja sinn til þess að láta af störfum sem fulltrúi félagsins í ritnefnd Málfríðar. Eyjólfur sagði frá því í hverju starfið felst. Engin framboð komu fram á fundinum en ákveðið var að auglýst yrði eftir framboðum til starfsins eftir fundinn. Ef enginn annar fæst í starfið samþykkti Eyjólfur að gegna því áfram um sinn.

### **Liður 7. var færður fram. Fráfarandi kennurum þökkuð störf.**

Fráfarandi kennurum voru þökkuð dygg störf í þágu félagsins og framgangs frönskunnar á Íslandi og Gérard Lemarquis, Jóhanna Hálfánardóttir og Þór Stefánsdóttir voru gerð að ævifélögum. Gérard Lemarquis ávarpaði fundinn af þessu tilefni en Jóhanna og Þór voru ekki viðstödd.

### **6. Umræður um helstu atburði framundan, s.s. keppni frönskunema og sumarnámskeið.**

Margrét Helga sagði frá stöðu mála með verðlaun í frönskukeppninni. Upphaflega hafði sendiráðið gefið út að fyrstu verðlaun yrðu einungis námskeið í AF þetta árið (CultureLab-námskeiðin ekki lengur í boði). Eftir að rætt var við starfsfólk sendiráðsins á ný og þeim bent á að mjög æskilegt væri að verðlaunin yrðu veglegri, eru yfirgnæfandi líkur á að fyrstu verðlaun verði í raun flugmiði til Frakklands (í báðum flokkum; grunnskóla og framhaldsskóla).

### **8. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 19.15.